

Akraneskaupstaður
Stilholt 16-18
300 Akranes

Akraneskaupstaður		
Skjal nr.	Mött af.	Mött dags.
2-30.	Gtsó	- 2. MAÍ 2017
Aktr.	Úrv. aðill	Málsnr. One
St.A	SAS	1705009



Verðskrárbreytingar STEFs til verslana

Verðskrá STEFs til verslana tekur nú breytingum í fyrsta skipti síðan 1993. Mikil þróunarvinna hefur átt sér stað undanfarið vegna undirbúnings þessa. Meginstefið hefur verið að einfalda verðskrána og gera hana skýrari fyrir viðskiptavini en um leið að sjá til þess að endurgjald fyrir notkun á tónlist sé sanngjarnt til höfunda.

Reikningar verða nú gefnir út tvisvar sinnum á ári í stað einu sinni, en hægt er að óska eftir mánaðargreiðslum sem gera uppgjör og bókhald enn auðveldara. Hægt er að greiða leyfin með kortum og þá býður glæný vefsíða STEFs, www.stef.is, upp á reiknivélar sem auka gagnsæi og varpa ljósi á verð og þjónustu.

Breytingin hefur þegar tekið gildi og munu næstu greiðsluseðlar miðast við hana.

Nýju verðin eru sem hér segir:

Grunnverð til STEFs fyrir verslun allt að 100 m² verður 4.500 krónur á mánuði og er þar innifalin greiðsla til SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda). Verð fyrir hvern m² umfram það verður 18 kr. á mánuði. Þannig fellur minnsti flokkurinn út (50 m² verslanir og smærri) en sérsamningar verða gerðir við verslanir 2.000 m² og stærri.

Eðli málsins samkvæmt er sú kvöð ekki lögð á veitingahús, verslanir og þjónustufyrirtæki að halda utan um hvaða tónlist er spiluð frá degi til dags fyrir viðskiptavini. Er því aðallega stuðst við spilunarlista útvarps þegar úthlutað er fyrir slíka bakgrunnstónlist til tónhöfunda, en allmikil líkindi eru á því að það sem spilað er í útvarpi sé einnig spilað í einu eða öðru formi í bakgrunni. Ef fyrirtæki nýta sér þjónustu streymisveita sem eru með samning við STEF sem velja fyrir þau lagalista fær STEF aðgang að lagalistunum og getur úthlutað samkvæmt þeim. Þá skal á það bent að öllum er frjálst að senda inn lagaskýrslur.

Á www.stef.is má finna allar upplýsingar um starfsemi STEFs, bæði allt sem snýr að innihaldi þessa bréfs og annað. Ef spurningar kvikna hvetjum við alla eindregið til að hafa samband við okkur í síma 561 6173 eða senda tölvupóst á info@stef.is.

Bréfi þessu fylgir boðsmíði á morgunfund sem haldinn verður miðvikudaginn 24. maí kl. 9:00-11:45 í Hörpu þar sem m.a. verður fjallað um virði tónlistar fyrir verslanir.

Virðingarfyllt,

Hrafnkell Pálmarsson, sölu- og markaðsstjóri STEFs

MORGUNFUNDUR

GÓÐ UPPLIFUN FRAMTÍÐ VIÐSKIPTA

Virði tónlistar fyrir verslanir
og þjónustufyrirtæki

Miðvikudaginn 24. maí, kl. 9:00–11:45
Kaldalóni, Hörpu

BOÐSMÍÐI – gildir fyrir 1, fullt verð er 8.990 kr. á mann.

Þér er boðið til morgunfundar um virði tónlistar og annarrar upplifunar fyrir fyrirtæki.

Aðalrindið flytur **Valentina Caneloro** alþjóðamarkaðsstjóri **MOOD MEDIA**. Mood Media sérhæfir sig í upplifun viðskiptavina verslana og þjónustufyrirtækja á borð við Nike, McDonalds, Ikea, AT&T og fjölda annarra stórfyrirtækja og fá gestir fundarins innsýn í rannsóknir og reynslu síðustu ára. Erindið tekur ekki aðeins til notkunar tónlistar heldur til allra þátta upplifunarstjórnunar.

DAGSKRÁ

Aðalsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri ATMO Select:

Hver eru áhrif tónlistar á kauphegðun?

Einar Baldvin Arason, tónlistarstjóri Aurora Stream:

Hvernig getur verslun stutt við grasrót íslenskrar menningar?

Margeir Steinar Ingólfsson, DJ Margeir:

Markaðssetning með tónlist.

Valentina Caneloro, alþjóðamarkaðsstjóri Mood Media:

Back to the Future:

The Evolution of the In-Store Customer Experience.

Jón Jónson flytur tónlist

Fundinum stýrir Ósk Gunnarsdóttir, viðburðastjóri.

*Þátttaka staðfestist á netfangið vidburdir@sena.is
fyrir lok mánudagsins 15. maí.*

Sjáumst!

